

Kirkjuþing 2022-2023

25. mál - þskj. 25

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um jöfn laun allra presta.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Steindóri R. Haraldssyni, Óskari Magnússyni,  
Áslaugu Kristjánsdóttur og Magnúsi Erlingssyni.  
Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að fela forsætisnefnd kirkjuþings að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða launakerfi presta í þeim tilgangi að öllum prestum verði greidd sömu laun án tillits til þess hvar þjónustan er veitt.

#### Greinargerð.

Í kjarasamningi Prestafélags Íslands og kjaranefndar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu (nú Þjóðkirkjunnar) sem samþykktur var 1. júní 2021 og gildir til 31. mars 2023 eru laun presta ákvörðuð eftir mannfjölda í prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun miðast við fjölda íbúa deilt með fjölda presta í prestakalli. Mismunur er því á launum presta eftir því hvar þeir starfa.

Flutningsmaður telur að þjónusta presta í dreifbýli, þar sem prestaköll eru yfirleitt fámennari en í þéttbýli, sé fyllilega sambærileg og jafn verðmæt og þeirra sem starfa í þéttbýli. Hér sé um sömu störf að ræða en í fjölmönnum prestaköllum sé stoðþjónusta við preststarfið yfirleitt mun meiri en í fámennari prestaköllum.

Í 4. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 sem öðluðust gildi 1. júlí 2021 segir að þjóðkirkjan skuli í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis. Við gildistöku laganna hafði fyrrnefndur kjarasamningur þegar tekið gildi þ.e. frá og með 1. mars 2021. Flutningsmaður telur að við gildistöku þjóðkirkjulaganna hafi myndast nýjar samningsforsendur svo sem greinir í ákvæði 4. gr. laganna. Lagt er til að nefndin athugi með hvaða hætti mögulegt sé að jafna launin án umtalsverðrar hækkunar launakostnaðar hjá Þjóðkirkjunni.

Benda má á að kennarastéttin hefur náð þeim árangri að grunnskólakennarar eru á sömu launum burtséð frá staðsetningu skóla á landinu og fjölda nemenda í bekk. Í minni skólum eru yfirleitt færri nemendur í bekk og að sama skapi er stoðkerfi skólans minna.

Til að jafnræðis verði gætt í launum presta leggur flutningsmaður til að forsætisnefnd kirkjuþings skipi þriggja manna nefnd til að endurskoða launakerfi presta í þeim tilgangi að prestum verði greidd sömu laun án tillits til þess hvar þjónustan er veitt.

Fylgiskjal:

Kostnaðaráætlun vegna þriggja manna nefndar.

